

10. nóvember 1981.

1039

Nr. 637.

AUGLÝSING um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi króunnar sem skráð var hér á landi í bönkum eftir hádegi hinn 10. nóvember 1981 (gengisskráning nr. 214) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir 10. nóvember 1981.

Hafi innflytjandi fyrir ofangreind tímamörk lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og sannanlega greitt kröfu í banka hennar vegna, fyrir útgáfu auglýsingar þessarar er tollstjóra heimilt til 17. nóvember 1981 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendinguna á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. nóvember 1981.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.